



Reglur um heimildir stjórnenda til að veita launað og ólaunað leyfi fyrir starfsmenn Sveitarfélagsins Árborgar til þátttöku í listviðburðum, starfi björgunarsveita og þátttöku í íþróttamótum

1. Markmið

Markmið með þessum reglum er að styðja starfsmenn Sveitarfélagsins Árborgar til þátttöku í samfélagslega mikilvægum verkefnum á sviði íþróttá, lista og björgunarstarfa og gefa stjórnendum ramma til að starfa eftir við veitingu leyfa af þessum sökum.

2. Heimild stjórnenda til að veita launað og ólaunað leyfi

Stjórnendur Sveitarfélagsins Árborgar eru hvattir til að reyna að mæta óskum starfsmanna sem falla undir skilgreiningar í reglum þessum.

Starfsmenn Sveitarfélagsins Árborgar geta óskað eftir launuðu og launalaus leyfi til þátttöku í listviðburðum, íþróttamótum og í starfi björgunarsveita eins og nánar er greint í reglum þessum. Launað leyfi verður aðeins veitt skv. Eftirfarandi skilyrðum og að starfsemi stofnunar raskist ekki.

3. Gildissvið

Reglur þessar gilda fyrir starfsmenn Sveitarfélagsins Árborgar

- a. Sem taka þátt í stórum listviðburðum sem listamenn eða kennarar. Enda sé það mat stjórnanda stofnunarinnar að þátttakan styrki bæði starfsmanninn og hafi jákvæð áhrif út á við.
- b. Sem eru félagar í björgunarsveit innan Landsbjargar til að taka þátt við leit og björgun þegar alvarlegt ástand ríkir. Einnig til að taka þátt í samhæfðum æfingum sem skipulagðar eru af landssamtökum eða opinberum aðilum.
- c. Sem eru íþróttamenn sem þátt taka í keppni, þjálfara, aðstoðarþjálfara og dómara í meistaraflokki eða flokkum ungmenna. Reglurnar gilda einnig um fararstjóra og liðsstjóra erlendis skv. c-lið ii. Reglurnar gilda ekki um æfingar.
 - I. Vegna keppni innanlands: Íslandsmót, bikarkeppni eða sambærilegt, á vegum sérsambands innan ÍSÍ
 - II. Vegna keppni erlendis og á alþjóðlegum mótum á Íslandi: viðurkennt mót á vegum sérsambands innan ÍSÍ eða alþjóðasambands þess, s.s. Norðurlandamót, Smáþjóðleikar, Evrópukeppni, Heimsmeistaramót eða Ólympíuleika- eða undankeppnir að slíkum mótum.
 - III. Reglur þessar gilda ekki fyrir æfingaferðir og æfingamót nema vegna undirbúnings undir Evrópukeppni, Heimsmeistaramót eða Ólympíuleika.

4. Leyfisósk og undirbúningur

Þegar starfsmaður óskar eftir leyfi skv. reglum þessum skal hann gera það eins tímanlega og unnt er til næsta yfirmanns. Leyfisóskin skal vera skrifleg eða í tölvupósti. Stjórnandi getur hafnað leyfisóskinni krefjist starfsemi stofnunarinnar þess.

Starfsmenn sem leyfi hljóta skv. reglum þessum skuldbinda sig til að vinna náið með stjórnanda sínum að undirbúningi leyfisins og vinna í haginn t.d. með því að hagræða verkefnum, flytja þau til eða undirbúa þau fyrir afleysingu.

Starfsmaður skal tryggja að leyfið verði eins stutt og brýn nauðsyn krefur og að starfsemi stofnunar raskist sem minnst.

Meginregla um leyfi sem er einn dagur, hluti úr degi:

- Skal vera ýmis launalaust eða;



- Ef hægt er að sveigja vinnutíma eða færa til verkefni þannig að starfsmaður sinni fullu vinnuframlagi utan hefðbundins vinnutíma skal starfsmaður þá halda launum sínum

5. Umfang

Heimilt er stjórnanda að veita launað leyfi skv. reglum þessum í allt að 10 daga á hverju almanaksári til hvers starfsmanns. Stjórnanda er heimilt að takmarka leyfið við hámark viku í senn, krefjist starfsemi stofnunarinnar þess.

Launað leyfi skal skrá sem slíkt í viðverkerfi Sveitarfélagsins Árborgar, Vinnustund.

Samþykkt í frístunda- og menningarnefnd xx.nóvember 2021

Samþykkt í bæjarráði xx.nóvember 2021